



## Fundargerð

272. Afgreiðslu- og samráðsfundur byggingarfulltrúa,  
haldinn að Tjarnargötu 12, þann 19 september 2019, kl. 13:15

### Viðstaddir:

Sigmundur Eypórsson, Tæknifulltrúi.  
Gunnar Kr Ottósson, Skipulagsfulltrúi.  
Jóhann Sævar Kristbergsson, Brunavarnir Suðurnesja.  
Sigurlaug Arna Sævarsdóttir, Ritari.

\* \* \*

### **1. Hafdalur 6-14 (2019090190)**

Sparri ehf, kt: 580390-2169 sækir um byggingarleyfi fyrir 5 íbúða raðhúsi á eini hæð sbr. aðaluppdráttum frá KRark, dags. 18.03.2019.

Byggingaráform samþykkt, samræmist gildandi skipulagi og ákvæðum viðkomandi reglugerða.

### **2. Flugvallarbraut 732-7 (2019090189)**

Ásbrú fasteignir ehf, kt: 541216-2190 sækir um byggingarleyfi fyrir að skipta húsnæðinu upp í sex vinnusali, bæta við innkeyrsluhurðum og neyðarhurð sbr. aðaluppdrætti frá OMR verkfræðistofu dags 29.08.2019.

Byggingaráform samþykkt, samræmist gildandi skipulagi og ákvæðum viðkomandi reglugerða. Vísað er í ábendingar Brunavarna Suðurnesja.

### **3. Flugvallarbraut 710 (2019090191)**

Ásbrú fasteignir ehf, kt: 541216-2190 sendir inn fyrirspurn varðar tímabundið leyfi til eins árs, fyrir geymslu ferðarvagna sbr. meðfylgjandi minnisblað.

Fyrirliggur lýsing eiganda á áformaðri notkun og vöktun á húsnæðinu. Samþykkt að veita heimild til notkunar á húsnæðinu í eitt ár í senn, sbr. minnisblaði.



#### 4. Sólvallagata 2 (2019090366)

Sport 4you ehf, kt: 571115-0340 sækir um byggingarleyfi fyrir að breyta verslunarrými í líkamsræktarsal sbr. aðaluppdráttum frá Tæknipjónustan SÁ ehf, dags. 05.09.2019.

Byggingaráform samþykkt, samræmist gildandi skipulagi og ákvæðum viðkomandi reglugerða.

#### 5. Faxabraut 9 (2019090368)

Fagriblakur frá Keflavík, kt:661114-1180 sækir um byggingarleyfi fyrir að gera íbúð í bílskúr, ekki er verið að sækja um nýtt fastanúmer.

Erindi vísað til skipulagsfulltrúa.

#### 6. Kópubraut 32 (2019090083)

Smíðafélagið ehf, kt: 451098-2179 með þessari umsókn er fyrri samþykkt umsókn dregin til baka og sótt um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi með breyttum teikningum sbr. aðaluppdrætti frá KRark, dags. 15.07.2019.

Byggingaráform samþykkt, samræmist gildandi skipulagi og ákvæðum viðkomandi reglugerða.

#### 7. Fitjar 1 (2019090369)

Skeljungur hr, kt: 590269-1749 sækir um byggingarleyfi fyrir að bæta við eldsneytisdeilu fyrir stór ökutæki (trúkkadæla) og laga áfyllingarplan sbr. aðaluppdráttum frá ferill Verkfræðistofa, dags. 16.04.2015.

Byggingaráform samþykkt, samræmist gildandi skipulagi og ákvæðum viðkomandi reglugerða.

#### 8. Nesvegur 50 - 233 - Umsókn um byggingarleyfi (2019080392)

Stofnfiskur hf. kt: 620391-1079 sækir um byggingarleyfi fyrir að byggja 524 m<sup>2</sup> sláturhús sbr. aðaluppdráttum frá Tæknipjónustu SÁ, dags. 15.08.2019. Erindið var áður tekið fyrir þann 08.08.2019 og var því þá vísað til skipulagsfulltrúa.

Byggingaráform samþykkt, samræmist gildandi skipulagi og ákvæðum viðkomandi reglugerða. Ábending Brunavarna Suðurnesja um að setja brunaslöngur samkvæmt reglugerð.



#### 9. Brekkustígur 39 (2019090087)

RA 5 ehf, kt: 590404-2410 sækir um byggingarleyfi fyrir fjölgun á skrifstofum á annarri hæð, stækka matsal og fara með hluta skrifstofa niður á fyrstu hæð í rými sem áður var líkamsrækt sbr. aðaluppdráttum frá JeEs arkitektar, dags. 30.08.2019.

Byggingaráform samþykkt, samræmist gildandi skipulagi og ákvæðum viðkomandi reglugerða. Ábending Brunavarna Suðurnesja um að setja neyðarlýsingu í stigagang samkvæmt reglugerð.

#### 10. Hafnargata 18 (201900140)

Sverrir Sverrisson hf, kt: 541101-2330, f.h mamma mía, kt: 480419-0490 sækir um byggingarleyfi fyrir að breyta húsnæðinu er nú verslun í veitingarstað, aðeins er um að ræða breytingar á innra skipulagi sbr. aðaluppdráttum frá JeEs arkitektar, dags. 11.06.2019. Erindið var áður tekið fyrir þann 09.07.2019 og var því þá frestað.

Erindi frestað á grundvelli þess að skoðað verði möguleiki á bættu aðgengi. Einnig er bent á að slökkvikerfi skal vera í háf í eldhúsi, staðsetning slökkvitækja og neyðarlýsingar skulu koma fram á teikningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10